

**Greinargerð um 6. fund undirnefndar um innleiðingu alþjóðasamþykktar IMO  
(III Sub-Committee on Implementation of IMO Instruments)  
sem haldir var dagana 1.-5. júlí 2019**

Árlegur fundur undirnefndar IMO um innleiðingu alþjóðasamþykktar IMO var haldinn í aðalstöðvum IMO dagana 1.-5. júlí sl. Undirnefndin fjallar um ýmis málefni tengd siglingum, svo sem fánaríkis- og hafnarríkiseftirlit, greiningu á sjóslýsaskýrslum og hvaða lærdóm má draga af atvikum á sjó og rýni heildstæðra samantektarskýrslna IMSAS-úttekta. Undirnefndin greinir gögn um hafnarríkiseftirlit og endurskoðar reglulega verklagsreglur um framkvæmd hafnarríkiseftirlits. Einnig fellur undir verksvið undirnefndarinnar ritun leiðbeininga um samræmt kerfi skipaskoðana og skírteinisútgáfu.

Fyrir hönd Íslands sátu fundinn Sverrir Konráðsson fagstjóri í siglingum og þýðingum hjá Samgöngustofu og Einar Jóhannes Einarsson fagstjóri hafnarríkiseftirlits Samgöngustofu. Fjöldi aðildarríkja IMO, frjálsra félagasamtaka, milliríkjastofnana og áheyrnarfulltrúa sat fundinn. Hér er stiklað á stóru um efni fundarins og niðurstöður hans.

*Lokið við drög að ályktunum til stuðnings framkvæmd IMO-gerninga*

Undirnefndin, sem heyrir undir siglingaöryggisnefnd (MSC) og umhverfisverndarnefnd sjávar (MEPC), lauk uppfærslum á þremur lykilgerðum sem styðja við innleiðingu IMO-gerninga. Um er að ræða leiðbeiningar um könnunina um samræmt kerfi fyrir skoðanir skipa og útgáfu skírteina, 2019, skrá, sem er ekki tæmandi, yfir skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykktum sem falla undir III-kóðann og málsmeðferð vegna hafnarríkiseftirlits, 2019. Þessar gerðir verða framsendar til samþykktar 30. IMO-þingi í nóvember-desember 2019.

*IMSAS-úttektaráætlun á aðildarríkjum IMO - leiðbeiningar um miðlun upplýsinga*

Bent hefur verið á að upplýsingagjöf aðildarríkja hefur verið skilgreind sem lykilþáttur til að bæta greiningar á fyrstu samantektarskýrslu IMSAS sem fjallaði um niðurstöður lögboðinna úttekta sem fóru fram á árinu 2016 (IMSAS-úttekta).

Til að bæta skýrslugerð lauk undirnefndin við drög að ályktun þingsins um leiðbeiningar um miðlun upplýsinga aðildarríkjanna sem lagðar verða fyrir 30. þing IMO til samþykktar. Þingið verður haldið síðla árs.

Leiðbeiningarnar miða að því að auðvelda aðildarríkjum að miðla upplýsingum um kröfur samkvæmt ýmsum gerðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og að aðstoða þau við að uppfylla skýrsluskyldu sína á skilvirkari hátt en nú er boðið upp á. Í leiðbeiningunum er sérstaklega mælt með að aðildarríkin komi sér upp kerfi til skýrslugjafar með því að greina kvaðir um miðlun upplýsinga samkvæmt IMO-gerningum og úthluta skýrsluskyldum til viðeigandi sem bera ábyrgð á framkvæmd og framfylgd viðeigandi IMO gerninga í viðkomandi aðildarríki.

Undirnefndin óskaði eftir að siglingaöryggisnefnd tæki á dagskrá nýtt mál: „Ritun leiðbeininga um IMSAS til aðstoðar við framkvæmd III-kóðans“.

### *Samþykkt endurskoðuð fyrirmynd af samningi um heimild til viðurkenndra stofnana*

Eftir endurskoðun, sem gerð var að beiðni nefndanna, samþykkti undirnefndin að endurskoðuð fyrirmynd að samningi um heimild til viðurkenndra samtaka sem starfa í nafni stjórnvalda verði gefinn út sem drög að MSC-MEPC-dreifibréfi. Drögin verða lögð fyrir MEPC 75 og MSC 102 til samþykktar.

### *Undanþága UNSP-pramma frá HSSC*

Undirnefndin samþykkti drög að breytingum á I., IV. og VI. viðaukum við MARPOL í tengslum við undanþágu fyrir ómannaða pramma án framdriftsafls (UNSP) frá skoðun og skírteinisútgáfu og æskti þess að þau yrðu lögð fram á MEPC 75 til samþykktar. Einnig voru samþykkt drög að MEPC.1-dreifibréfi sem fela í sér viðmiðunarreglur um undanþágu ómannaðra pramma án framdriftsafls frá skoðunar og skírteinisútgáfu samkvæmt MARPOL-samningnum sem lagt yrði fram á fundi MEPC 75 til umfjöllunar og samþykkis.

### *Samræming hafnarríkiseftirlits (PSC)*

Undirnefndin setti upp lista af efnisatriðum sem mætti vísa til áttundu vinnustofu IMO fyrir svæðisstjórnir hafnarríkiseftirlits á heimsvísu, skrifstofa þeirra og gagnagrunnsstjóra (PSCWS 8), sem gert er ráð fyrir að fari fram seinni hluta árs 2020.

Vinnustofan mun líklega fjalla um eftirfarandi: ítarlega greiningu á árlegum PSC-skýrslum; tvíverknað skoðunarupplýsinga í höfn ríkis sem er aðili að fleiri en einum samningi um hafnarríkiseftirlit; málefni sem tengjast samhæfðu upplýsingakerfi siglinga á heimsvísu (e. Global Integrated Shipping Information System (GISIS)), þ.m.t. gagnaskipti milli svæðisstjórna hafnarríkiseftirlits og GISIS og aðstöðu til að hlaða upp gögnum um annmarka sem hafa verið lagfærðir og möguleg eftirfylgni þar að lútandi; möguleg samhæfing endurskoðunaraðferða ef um farbann er að ræða; mögulega samhæfingu áhættusniðs skips (e. Ship Risk Profile), markþættir fyrir PSC- og RO-ábyrgð; hugsanleg áhrif á hafnarríkiseftirlit í framhaldi greininga á samanteknum endurskoðunarskýrslum kerfis um úttektir á aðildarríkjum IMO (IMSAS).

Undirnefndin fór yfir ársskýrslur sem bárust frá öllum níu svæðisstjórnunum hafnarríkiseftirlits á heimsvísu og greindi frá því að 90.308 skoðanir hafi farið fram árið 2017, þar af var farbann lagt á skip í 2.583 tilvikum. Farbannshlutfall var því 2,86% árið 2017.

### *Þjálfunarhandbók fyrir starfsfólk hafnarríkiseftirlits*

Undirnefndin samþykkti að leggja til að nefndirnar settu á dagskrá III-undirnefndar nýjan dagskrárlið um „að skrifa nýja þjálfunarhandbók fyrir starfsfólk hafnarríkiseftirlits“. Ritun handbókarinnar myndi stuðla að samræmdri þjálfunaráætlun til að viðhalda hæfni starfsfólks hafnarríkiseftirlits og auðvelda alþjóðlega samhæfingu á skoðunarferlum í hafnarríkiseftirliti.

### *Yfirlit og greining á sjóslýsum*

Undirnefndin rýndi í greiningu 27 skýrslna um rannsókn á sjóslýsum. Það var metið svo að þrjú öryggismál þyrfti frekari vinnu við, nefnilega: banaslys vegna lyftubúnaðar; árekstrar þar sem fiskiskip áttu í hlut og fall úr hæð.

Undirnefndin var sammála um að nauðsynlegt væri að fjalla frekar um málefni sem tengjast öruggri framkvæmd hafnsögumála. Undirnefndin benti á að þörf væri fyrir frekari upplýsingar um frávik við stjórnskipti skipstjóra og hafnsögumanns; tæknileg vandamál sem tengjast virkni stýris, skrófu o.s.frv., viðskiptaþrýstingur og árangursmælikvarðar.

Undirnefndin minnti aðildarríkin á að leggja fram skýrslur um rannsókn, einkum um mjög alvarlegra sjóslýsa, í því skyni að hjálpa til við greiningarferli á heimsvísu.

Nú stendur yfir endurskoðun á flokkunarfræði GISIS-einingarinnar um sjóslýs og atvik á sjó. Þegar því lýkur mun undirnefndin halda áfram umræðum um mögulegar leiðir til að efla skýrsluskil og marka stefnu til að auka skýrslutíðni þar sem mjög alvarleg sjóslýs eiga í hlut auk þess að safna gögnum um sjóslýs til að styðja við þróun greiningar.

Undirnefndin mun einnig fjalla um þörf á öflugri stefnumörkun um að efla söfnun og nýtingu slysagagna.

### *Meint ófullnægjandi móttökuaðstaða í höfnum*

Undirnefndin rýndi í upplýsingar um 96 tilkynnt tilvik um meinta ófullnægju móttökuaðstöðu í höfnum, eins og þau voru birt í GISIS fyrir árið 2018 (21 fleiri tilvik en árið 2017). Upplýsingarnar bárust frá sex fánarríkjum, einu aðildarríki og einu landsvæði Stóra-Bretlands.

Undirnefndin vakti athygli á að hlítni við losunarkröfur í MARPOL veltur að miklu leyti á því að fyrir hendi sé fullnægjandi aðstaða til viðtöku úrgangs, sérstaklega innan sérstakra svæða MARPOL, og að sérhverjum samningsaðila MARPOL sé skylt að tilkynna stofnuninni og áframsendingar til hlutaðeigandi hafnarríkis þar sem grunur leikur á um að aðstaðan sé ófullnægjandi.

Fyrsta samantektarskýrslan um áætlanir um úttektir aðildarríkja IMO (CASR) sýnir að skortur á móttökuaðstöðu í höfnum, einkum samkvæmt I., IV. og V. viðaukum MARPOL er meðal endurtekinna frávika í IMSAS-úttektum sem tengjast MARPOL-kröfum. Til að bregðast við þessum skorti benti undirnefndin á að skrifstofa IMO, með aðstoð tæknisamvinnuáætlunar (ITCP), styðji við uppsetningu viðunandi móttökuaðstöðu í þróunarlöndunum til að koma í veg fyrir mengun hafsins.

Undirnefndin var sammála um mikilvægi þess að tilkynna stofnuninni um meinta ófullnægju móttökuaðstöðu í höfnum, einkum til að ná árangri í átaki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar til að draga úr mengun af völdum sjávarplasts frá skipum, samkvæmt aðgerðaáætlun IMO til að takast á við losun plastefna frá skipum sem samþykkt var af hálfu MEPC. Rannsóknir á skýrslum um meinta ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum munu auðvelda framsetningu þemaþátta sem varða afhendingu og meðhöndlun plastefna.

Á næsta fundi verður fjallað frekar um samantektarskýrslur IMSAS, þ.e. CASR og um ólögmetar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar, IUU-veiðar

Til viðbótar við viðvarandi vinnu undirnefndarinnar við sjóslýs, hafnarríkiseftirlit og skoðanir og skírteinisútgáfu er búist við því að hún fari á næsta fundi ítarlega yfir greininguna á annarri samantektarskýrslu um áætlanir um úttektir aðildarríkja IMO og niðurstöður fjórða sameiginlegs vinnuhóps FAO/ILO/IMO um ólöglegar, ótilkynntir og stjórnlausar veiðar (IUU) og skyld mál, sem haldin verður í Torremolinos á Spáni í október 2019, í kjölfar ráðherraráðstefnunnar um öryggi fiskiskipa og IUU-fiskveiða.

Sverrir Konráðsson  
Samhæfingarsviði  
Samgöngustofu